

Reykholahreppur
Mariutröð 5a Reykhólum
380 KRÓKSFJARÐARNES

Garðabær, 26. ágúst 2022
Málsnúmer: 202207-0020
SS/BK/LA/IAS

Efni: Umsögn um tillögu að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034.

Vísað er til tölvubréfs frá skipulagsfulltrúa Reykhólahrepps, dags. 11. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2002-2034.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin sem fylgja tillögunni og samanstanda þau af greinargerð, umhverfismatsskýrslu og uppdráttum. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, kemur fram flest það sem fjalla þarf um í frekari vinnu við nýtt aðalskipulag.

Í tillögunni er lögð almenn áhersla á mikilvægi þess að vernda náttúru svæðisins, m.a. er stefnt að verndun og endurheimt votlendis og birkiskóga. Mikilvægt er að þessi áhersla endurspeglit í ákvarðanatöku um einstök deiliskipulagsáform eða leyfisveitingar.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri um aðalskipulagstillöguna:

Búseta og byggðamynstur

Stefnt er að auknu umfangi frístundabyggðar með nýjum eða stækkuðum frístundabyggðum. Þar af eru nokkur dæmi um umtalsverða fjölgun frístundahúsa frá núverandi ástandi t.d. við Kvígindisfjörð, Kirkjuból (sem er á hverfisvernduðu svæði), Hafrafell í Reykhólasveit (einnig á hverfisvernduðu svæði) og við Þórisstaði í Þorskafirði. Jákvætt er að fram komi að ný frístundabyggðasvæði skulu vera fyrir utan svæði sem tilgreind eru í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þó má setja spurningu við hvort æskilegt sé að stefna að svo umfangsmikilli uppbyggingu í óbyggðum firði eins og áformin við Kirkjuból fela í sér.

Við þetta má bæta að huga þarf að áhrifum uppbyggingar á vistgerðir með hátt verndargildi og á búsvæði mófugla en þekkt er að sumar mófuglategundir forðast mannvirki eins og frístundahús sem og þá trjárækt sem gjarnan fylgir slíkri uppbyggingu. Benda má á grein Tómasar Grétars Gunnarssonar frá 2020 í Náttúrufræðingnum þar sem fjallað er um búsvæðaverndun íslenskra vaðfuglastofna í þessu samhengi.

Þéttbýlismörk Reykhóla ná yfir svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna viðkvæmra og verðmætra jarðhitavistgerða. Sjá: <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/reykholar>. Mjög mikilvægt er að tryggja verndun jarðhitavistgerðanna við áframhaldandi þróun þéttbýlis á svæðinu. Best væri ef sveitarfélagið myndi stefna að friðlýsingu hverasvæðisins þar sem jarðhitavistgerðirnar finnast en einnig má festa í skipulagi formlega verndun með hverfisvernd.



Vistkerfi og auðlindir

Í umfjöllun um efnistökusvæði hefði mátt fylgja með öllu nákvæmari kort sem sýna umfang hvernar námu betur og þar sem þær eru merktar með nafni eða númeri í samræmi við töflu á bls. 49-51. Þá vantar upplýsingar um stærð (flatarmál) efnistökusvæðanna. Fjórar af þeim 19 námum sem fjallað er um eru innan svæða á náttúruminjasrá og almennt ætti að forðast ný efnistökusvæða innan náttúruverndarsvæða eins og hægt er og huga sérstaklega vel að ásýnd og frágangi þeirra. Margar af námunum eru í strandhjöllum, sjávarkömbum o.fl. Þess háttar setmyndunum sem hafa töluvert gildi fyrir jöklunarsögu landsins og sérstaklega sjávarstöðu í lok ísaldar. Þar má nefna Seljanes, Miðhúsamel, Hjalla utan Þórisstaða o.fl. Mikilvægt er að raska ekki öllum slíkum jarðmyndunum í sveitarfélaginu.

Stefnt er að stækkun hafnarsvæðis við Karlsey með landfyllingu. Mjög mikilvægt er að gæta að áhrifum á verndarsvæði Breiðafjarðar með tilliti til áhrifa á lífríki og landslag.

Fylgjast þarf vandlega með áhrifum Galtarvirkjunar á lífríki Garpsdalsvatns og huga að mótvægisáðgerðum ef nauðsynlegt þykir.

Áform um vindorkugarð í Garpsdal eru fest í sessi með aðalskipulagstillögunni þrátt fyrir að ekki hafi farið fram umfjöllun um vindorkukostinn á vettvangi rammaáætlunar eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Umhverfismat framkvæmdarinnar stendur yfir en umhverfismatsskýrsla hefur ekki verið gefin út. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 14. maí 2019 og leggur þar sérstaklega áherslu á að vindorkugarðurinn sé á jaðri mikilvægs fuglasvæðis þ.e. Breiðafjarðar. Það eitt og sér gerir staðsetningu vindorkugarðsins óheppilega. Eins og fram kom í umsögninni má skipta áhrifum á fugla í þrennt: A) Beina röskun á búsvæðum og truflun meðan á framkvæmdum stengur, B) Árekstrahættu sem er tölfræðilegt mat og tekur til allrar fuglaumferðar árið um kring og C) afleidd áhrif eftir að starfsemi hefst m.a. með því að fuglar forðist að nýta svæðið eða jaðarsvæði umhverfis það. Við þetta má bæta áhrif af hávaðamengun, örplastmengun o.fl.

Athuganir á fuglalífi sem hafa farið fram í Garpsdal gefa ekki til kynna að fuglalíf þar sé sérstaklega fjölbreytt. Engu að síður er það í næsta nágrenni við óðöl og farleiðir hafarna og í nálægð við eitt af örfáu þekktu varpsvæðum snæuglu á landinu. Fyrstu athuganir benda til þess að svæðið sé ekki sérstaklega mikilvægt fyrir hafarni en taka þarf til skoðunar samlegðaráhrif við önnur vindorkuáform í Breiðafirði og vakta þarf áfram ferðir hafarna á svæðinu.

Atvinnustarfsemi og samfélagsþjónusta

Við áframhaldandi nýtingu á þangi og þara sem og jarðhita í Reykhólasveit og víðar ber að tryggja að auðlindanýting sé sjálfbær og valdi ekki óásættanlegu raski á vistgerðum með hátt verndargildi og lífríki þeirra. Sérstaklega þarf að hlúa að verndun jarðhitavistgerða eins og áður segir.

Í umfjöllun um landbúnaðarsvæði kemur fram að framræst votlendi séu í nýtingu og því ekki ástæða til endurheimtar. Engu að síður kemur fram að áhugi sé hjá landeigendum að

endurheimta votlendi. Ágóði af endurheimt er margþátta, bæði fyrir kolefnisbúskap og líffræðilega fjölbreytni. Mikilvægt er að útiloka ekki slík tækifæri

Ýmsa skynsamlega skilmála er að finna í umfjöllun um landbúnaðarland svo sem að mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum skuli taka tillit til landslagseinkenna og verðmætra vistkerfa og búsvæða.

Náttúrufræðistofnun telur áformaða staðsetningu heilsuhótels á Titlingastaðanesi, Reykhólum mjög óheppilega því hún felur í sér mikið rask á svæði sem í dag er óraskað og þar sem finnast fjölbreyttar votlendis- og fjöruvistgerðir með hátt verndargildi sem hýsa auðugt lífríki, sér í lagi fuglalíf. Nær í lagi væri að styrkja verndun svæðisins. Ósnortin náttúra hefur einnig mikið gildi fyrir ferðaþjónustu og að mati Náttúrufræðistofnunar skýtur því skökku við að uppbygging þjónustu af þessum toga með tilheyrandi raski fari fram á ósnortnu svæði með hátt verndargildi. Finna ætti starfseminni aðra staðsetningu.

Landslag, minjar og lífríki

Náttúrufræðistofnun hvetur sveitarfélagið til að fjölga formlegum verndarsvæðum þ.e. friðlýstum svæðum í samstarfi við Umhverfisstofnun, eða hverfisverndarsvæðum. Mikið er um auðug náttúrusvæði og vísa má í tillögur Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúru-minjaskrár sem og gildandi C-hluta, í þessu samhengi. Það á ekki síst við um fjöru- og strandsvæði, náttúrulega birkiskóga, votlendi og jarðhitasvæði – sem eru sérkenni náttúru sveitarfélagsins. Forðast ætti að planta útlendum trjategundum innan hverfisverndarsvæða enda náttúrulegt skóglendi útbreitt í sveitarfélaginu og með mikið verndargildi.

Samgöngur

Mikilvægt er að fylgt sé þeim skipulagsákvæðum sem fram koma í aðalskipulagstillögunni um framkvæmd Vestfjarðavegar. Að öðrum kosti er hætta á að tjón verði á lífríki svæðisins t.d. ef vatnsskipti verða ekki ásættanleg í Djúpafirði og Þorskafirði. Fylgja þarf vöktunaráætlun vel eftir sem og áformum um endurheimt votlendis og skóglendis. Í ljósi þessa kemur nokkuð á óvart að lítið svigrúm sé talið fyrir endurheimt votlendis í sveitarfélaginu. Það þarf að taka til endurskoðunar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagstillöguna en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum um einstök skipulagsáform á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

